

310
Pál

Páll Sigurðsson

LAGASLÓÐIR

Greinar um lög og rétt

4. li.



Háskólaútgáfan
2005

Straumhvörf í kirkjurétti¹

1. Inngangur
2. Um þjóðkirkjulögin nýju
3. Nánar um kirkjurétt og gildi hans í samtímanum
4. Undirbúningur og markmið þjóðkirkjulaganna
5. Nokkrir efnisþættir þjóðkirkjulaganna
6. Lokaorð

¹ Meginmál þessarar greinar er í höfuðdráttum efnislega samhljóða erindi, sem höfundur flutti á máþingi til heiðurs *dr. Ármanni Snævarr* prófessor áttæðum, 2. október 1999. Skýringargreinum neðanmáls var síðan aukið við.

1. Inngangur

Hér verður fjallað, í stuttu máli, um nokkra þætti *Íslensks kirkjuréttar* eða *kirkjulöggjafar*, sem blasa við nú, í nýrri mynd, eftir veigamikla endurskoðun kirkjulaga nýverið. Sú endurskoðun fól í sér svo gagngera breytingu á ýmsu, er varðar starfsramma og skipulag Íslensku Þjóðkirkjunnar, að réttlætt getur heiti þessarar greinar, sem ég hef kosið að nefna ‘Straumhvörf í kirkjurétti.’ Með orðinu ‘straumhvörf’ er þó alls ekki átt við, að nein ‘bylting’ hafi orðið í málefnum Íslensku Þjóðkirkjunnar, því að kjarni kirkjustarfsins er að sjálfsögðu enn hinn sami og fyrr, þ.e. fyrst og fremst boðun fagnaðarerindisins í orði og verki, og hinar helstu stofnanir Þjóðkirkjunnar eða embætti, sem sum eru mjög forn í okkar samfélagi eins og alkunnugt er, eru vissulega enn við lýði. Ýmsir þættir hinna nýju lagareglna hafa einmitt það hlutverk að styrkja þá stofna, sem fyrir eru, en þó þannig að sumum þeirra er nú gefið nýtt hlutverk að vissu marki. Hér á því ekki við að tala um nýtt vín á gömlum belgjum heldur gamalt vín á nýjum belgjum – því að vitaskuld eru lög og reglur aldrei annað en eins konar ‘umbúðir’ um þá mannlífsþætti, sem um er fjallað hverju sinni.

2. Um þjóðkirkjulögin nýju

Áður en lengra er haldið er rétt að taka fram, fyrir þá lesendur, sem ekki eru nákunnugir þessu efni, að meginstofn þeirrar löggjafar, sem fjallar um Íslensku Þjóðkirkjuna og starfsemi hennar, birtist okkur nú í lögum nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar.² Þau lög hafa að geyma allýtarlegar reglur um meginskipan Þjóðkirkjunnar, helstu stofnanir hennar og embætti. Þessum lögum, sem gengu að mestu í gildi í byrjun árs 1998, er að hluta til ætlað að koma í staðinn fyrir samsafn ýmiss konar reglna, sem áður giltu um margvíslega þætti kirkjuskipanar og kirkjustarfs, en að hluta til er einnig um nýsmíði að ræða að því leyti að fjallað er um nýmæli, sem vart eða ekki áttu sér neina samsvörun í eldri reglum.

² Hér víða nefnd ‘þjóðkirkjulögin.’

Hér er um *meginlöggjöf* að ræða, eða *rammalöggjöf* eins og sumir kjósa að kalla, löggjöf, sem ætlað er að mæla fyrir um tiltekna *grundvallarreglur*, en jafnframt er til þess ætlast að ýtarlegar *starfsreglur*, sem kirkjan sjálf setur, verði hinni eiginlegu löggjöf til fyllingar. Rétt er þó að taka fram, að þessum lögum var alls ekki ætlað að útrýma ýmsum þeim lagaákvæðum öðrum, sem gilda á sviði íslensks kirkjuréttar, því að enn eru í gildi mörg ákvæði af því tagi, í hinum og þessum lagabálkum um kirkjuleg málefni, frá ýmsum tímum. Má að sjálfsgöngu hreyfa því, hvort ekki hefði mátt ganga mun lengra en gert var við setningu umræddra rammalaga, þannig að þau væru höfð enn ýtarlegri en raun ber vitni um, og um leið væru felld úr gildi ýmis þau ákvæði í annari löggjöf, sem enn standa. Líklega má þó segja að ekki hafi borið bráð nauðsyn til að stíga frammar en gert var að þessu sinni. Nákvæmari 'lagahreinsun' á þessu sviði er þó nauðsynleg, en þar er þá um að ræða verkefni til næstu ára. Við gildistöku laganna frá 1997 voru engu að síður numdir úr gildi ýmsir lagabálkar, sem fram til þess höfðu gilt um mikilvæg svið kirkjustarfs, svo sem lög um biskupskosningu, um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar, um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir og héraðsfundi, lög um veitingu prestakalla og jafnframt lög um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands. Ýmislegt úr efni þeirra laga skilar sér þó (um sumt í eitthvað breyttri mynd) í nýju löggjöfinni, eins og vænta mátti, og ekki síður í starfsreglunum, sem kirkjuþing hefur sett.

3. Nánar um kirkjurétt og gildi hans í samtímanum

Með kirkjurétti er bæði átt við samsafn þeirra *réttarreglna*, sem gilda um kirkjuleg málefni, og þá *fræðigreina* sem þar um fjallar. Akunna er, að kirkjurétturinn á sér gróna hefð í báðum þessum merkingum.³ En

³ Með heitinu 'kirkjuréttur' er hér, eftir hefðbundnum viðhorfum, átt við réttarumhverfi Íslensku þjóðkirkjunnar og þá fræðigreina, sem þar að lýtur, með eðlilegum samanburði við tiltekna þætti, er varða aðrar kristnar kirkjudeildir. 'Trúarbragðaréttur' er hins vegar víðtækara hugtak, sem snýr að réttarumhverfi *allra* trúfélaga á Íslandi (og einnig þeirra manna, er standa utan trúfélaga), eftir atvikum með fjölbjódlegum samanburði.

hvaða máli skiptir íslenskur kirkjuréttur í dag? Hvaða gildi hefur hann fyrir þjóðfélag okkar? Hvaða stöðu hefur hann í íslensku löggjafarumhverfi? Við þessu er ekki auðvelt að gefa einföld svör. Þó má a.m.k. segja, að *vægi* kirkjulöggjafarinnar – og þar með einnig kirkjuréttarinnar sem fræðigreinar, er fjallar um þær réttarreglur – hljóti að fara mjög eftir vægi eða gildi Þjóðkirkjunnar í íslensku samfélagi. Kunnara er en frá þurfi að segja, að Þjóðkirkjan á sér langa sögu, sem er augljóslega samofin almennri sögu þjóðarinnar.⁴ Öllum má einnig vera vitanlegt, að Þjóðkirkjan átti sér á fyrri öldum stærri sess í þjóðfélagsmyndinni en nú er orðið. Fyrrum átti kirkjan t.d. mikinn hluta allra jarðeigna í landinu auk annarra fjármuna, er m.a. tengdust þeim jarðeignum – en jarðeignirnar ásamt búsmalanum voru þá nánast sama og sjálfur þjóðarauðurinn, í hinu forna bændasamfélagi okkar. En í því sambandi skyldi þess minnst, að kirkjan hafði þá, auk boðunarhlutverksins, miklum og reyndar mjög víðtækum skyldum að gegna í samfélaginu, t.d. til líknar þurfsandi mönnum og til eflingar mennta og menningar.⁵ Þetta hefur breyst mjög og hlutverk kirkjunnar er nú að ýmsu leyti annarrar gerðar en áður var – þótt kjarninn, boðun orðsins, fagnaðarerindisins, sé enn hinn sami og fyrr, eins og ég gat áður um. Þjóðkirkjan gegnir nú alls ekki *sama* hlutverki í íslensku samfélagi og fyrr á tíð. Hún hef-

⁴ Hugtakið *Þjóðkirkja* – sem heiti á stofnun, eins konar lögaðila, sem laut a.m.k. vissu en í fyrstu mjög takmörkuðu sjálfstæði gagnvart ríkisvaldinu – varð ekki til í íslenskri löggjöf fyrr en með tilkomu stjórnarskrárinnar frá 1874. Í 45. gr. þeirrar stjórnarskrár var kveðið á um, að hin evangelíska lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi og skuli hið opinbera að því leyti styðja hana og vernda. Eigi hefði verið svo til orða tekið, ef ekki væri um aðgreinda aðila að ræða. Áður hafði hin evangelísk-lúterska kirkja í raun verið *ríkiskirkja* í veldi Danakonungs (hérlandis a.m.k. frá því um miðja 18. öld, eftir að kirkjulagaboð þau, sem frá *Harboe* voru runnin, tóku hér gildi), en þá fór ríkisvaldið, lengst af í nafni hins einvalda konungs, með allt vald í málefnum kirkjunnar, bæði í ytri og innri efnum, þannig að yfirstjórn kirkjunnar var einungis sem ein deild ríkiskerfisins. Þar áður mátti tala um *landskirkju*, meðan hinir lútersku biskupar máttu sín enn nokkurs og kirkjan hafði allnokkurt sjálfstæði enda þótt konungur væri 'summus episkopus.' *Páfakirkju* var áður komið á með lögleiðingu Kristinréttar Árna biskups, en *godakirkju* má nefna það fyrirkomulag, sem þar áður hafði verið við lýði allt frá því að kristni og kirkjuvald tóku að eflast í landinu. Um framangreindar skilgreiningar má m.a. vísa til greinargerðar *Björns K. Þórólfssonar* í inngangi að riti hans um biskups-skjalasafn (skrár Þjóðskjalasafns III., Reykjavík 1956, bls. 67-68 og víðar).

⁵ Á biskupsstólunum var t.d. haldið uppi lærðum skólum allt til síðari alda og á miðöldum voru klaustrin þar að auki menntasetur og sum hver sennilega einnig líknarstofnanir að einhverju marki.

ur bersýnilega, og í verulegum mæli, misst áhrif, eignir og völd – ef svo má að orði komast – en hefur þó enn mikilvægu hlutverki að gegna, að ætlan meginþorra þjóðfélagsþegnanna að ég hyggt. Kirkjan er, nú jafnt sem áður, boðberi mannúðar, samúðar og skilnings og til hennar leita menn, enn sem fyrr, í andlegum nauðum sínum og stundum einnig varðandi veraldlegan styrk þegar örbjargir blasa við. Þrátt fyrir allt tilheyra ennþá allt að 90% þjóðarinnar Íslensku þjóðkirkjunni, þótt stundum hafi vissulega blásið þar um garða. Og kirkjurækni þjóðkirkjuþegnanna, ein saman – sem vissulega mætti víða vera betri en raun ber vitni um – gefur áreiðanlega alls ekki rétta mynd af þeim hug, sem þjóðin ber til kirkjunnar. Það hefur einmitt komið berlega í ljós, að þegar hvað mest gustar um kirkjuna, sýna mjög margir jákvæðan hug sinn til hennar – einnig með því að gagnrýna hana. Hún skiptir menn þá að minnsta kosti svo miklu máli, að þeim finnst taka því að bera fram þess háttar gagnrýni.

Kirkjudeild, sem telur um níu tíundu hluta þjóðarinnar, og lætur svo að sér kveða sem Íslenska þjóðkirkjan, skiptir að sjálfsögðu umtalsverðu máli í þjóðlífinu. Í ljósi þess verðum við m.a. að meta gildi þeirrar löggjafar, sem ætlað er að fjalla um þessa stóru kirkjudeild, starfsemi hennar og skipulag. Það er því óhætt að fullyrða, að íslenskur kirkjuréttur – bæði löggjöfin og fræðigreinin – skiptir enn verulegu máli, þótt hann hafi ekki sama vægi og fyrr á öldum, þegar kirkjan var langöflugasta og víðamesta stofnun þjóðfélagsins, a.m.k. ef undan er skilið sjálft konungsvaldið. Og af þeirri ástæðu varðar það enn miklu fyrir þjóðina, að þeim lagareglum, sem um Þjóðkirkjuna gilda, sé vel og viturlega skipað, þannig að þær myndi hentugan ramma – eða ‘umbúðir’ ef við viljum nota það orð – um starfsemi kirkjunnar í hinum ýmsu myndum sínum. Á þessari forsendu verðum við því að meta mikilvægi þeirra breytinga, sem urðu á kirkjulöggjöfinni með lögtöku fyrrnefndra rammalaga frá 1997. Hafi sú löggjöf í reynd orðið til að bæta starfsskiyrði Þjóðkirkjunnar og stuðla að því að starf hennar verði enn skilvirkara en fyrr hefur tilgangnum með setningu þessara laga verið náð. Og ég er reyndar persónulega sannfærður um að þessar breytingar hafi verið til góðs og eigi eftir að sanna sig þegar frá líður og stuðla að bættu kirkjustarfi – og um leið að bættu þjóðlífi. Ég er e.t.v. ekki alveg hlutlaus í því máli, því að ég átti sæti í þeirri nefnd á vegum Þjóðkirkjunnar,

sem lagði drögin að þessari nýskipan kirkjulaga, en ég veit a.m.k. að nú þegar á ég marga skoðanabræður og -systur í því efni. Þó verður það aldrei nógsamlega áréttað, að lög, ein saman, leysa aldrei allan vanda, því að lagabókstafurinn verður máttlítill ef ekki eru jafnframt til góðir og hæfir menn, sem starfa að lagaframkvæmdinni sjálfri – en vitanlega þarf ekki að efast um að fjölmargir mikilhæfir menn verði fundnir innan vébanda Íslensku þjóðkirkjunnar.

4. Undirbúningur og markmið þjóðkirkjulaganna

Mikilvægt er, áður en lengra er haldið, að geta þess og hafa hugfast, að þessi nýskipan eða breyting á umgjörð kirkjustarfins, sem hér er fjallað um, kom til vegna *frumkvæðis kirkjunnar manna* en ekki vegna beins þrýstings frá stjórnámálamönnum eða einhverjum utanaðkomandi ‘þrýstihópum’ svokölluðum. Tillaga um endurskipan kirkjulaganna – og um viss grundvallaratriði, sem þyrftu að koma fram í þess háttar löggjöf, svo sem um aukið sjálfstæði Þjóðkirkjunnar – var fyrst borin upp af mætum kennimanni á kirkjuþingi og hlaut þar brautarhengi.⁶ Að þessu máli var síðan unnið nánar á vegum Þjóðkirkjunnar sjálfrar um nokkurra ára skeið⁷ og það var í reynd ekki fyrr en á síðasta skeiði undirbúningsferils löggjafarinnar að ríkisstjórnvöld fóru að koma þar verulega við sögu.⁸ Frá upphafi sýndi þó þáverandi dóms-

⁶ Á kirkjuþingi 1992 var lögð fram tillaga til þingsályktunar um skipulag Íslensku þjóðkirkjunnar. Flutningsmaður hennar var *séra Gunnar Kristjánsson*, sóknarprestur á Reynivöllum. Var tillagan samþykkt á því þingi. Snemma árs 1993 skipaði kirkjuráð síðan nefnd, í kjölfar ályktunar kirkjuþings, ‘til að endurskoða núverandi fyrirkomulag á stjórnskipulegu sambandi íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar.’ Stofn nefndra laga nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, á rætur að rekja til starfs þeirrar nefndar, en kirkjuþing og önnur kirkjuleg stjórnvöld fylgdu málinu fast eftir þar til lögin voru samþykkt á Alþingi.

⁷ Frumvarp til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar var fyrst lagt fyrir Alþingi, sem stjórnarfrumvarp af hálfu kirkjumálaráðherra, á 118. löggjafarþingi 1994-1995. Það frumvarp hlaut þó ekki afgreiðslu á því þingi, enda mátti ekki vænta þess sökum þess hve seint á þingtímanum það kom fram. Frumvarp þetta var samið af nefnd þeirri, skipaðri af kirkjuráði, sem starfað hafði frá 1993 svo sem fyrr segir, en fulltrúi Kirkjumálaráðuneytis hafði þó einnig setið ýmsa fundi nefndarinnar.

málaráðherra málinu mikinn skilning og velvilja. Ég vil því áréttu, að þessu nýja kerfi, sem lögin kveða á um, var engan veginn þröngvað upp á kirkjuna heldur varð það til að ósk forsjármanna hennar – og lýsir viðleitni þeirra til að mæta svo sem best verður á kosið breyttum þörfum fyrir þjónustu og stöðu þessarar gömlu og grónu stofnunar í samfélagi nútímans.

Það er í ljósi þess, sem hér var sagt um mikilvægi Þjóðkirkjunnar, sem við skulum meta þau ákvæði hinna nýju þjóðkirkjulaga, er mestu máli skipta og sem nýjabrum er af. Nauðsynlegt er að hafa hugfast, að tilgangurinn með gerð laganna var sá m.a. að auka *sjálfstæði* kirkjunnar gagnvart ríkisvaldinu, án þess þó að rofin væru hin aldagömlu tengsl þar á milli,⁸ og hugsunin var frá upphafi sú, að aukið sjálfstæði, sem um leið legði aukna *ábyrgð* á herðar kirkjunnar mönnum, myndi í reynd efla kirkjustarfið, auka samstöðu þjóna kirkjunnar innbyrðis og herða þá í sókninni. Kirkjunnar menn verða nú að treysta á sjálfa sig langt umfram það sem áður var og geta ekki vísað á ríkisvaldið til lausnar flestum vanda. *Stjórnsýsla* í innri málum kirkjunnar færðist nú að mestu til hennar sjálftrar og þá um leið frá Kirkjumálaráðuneytinu. Jafnframt er ljóst,

⁸ Árið 1996 skipaði kirkjumálaráðherra nýja nefnd til að vinna að lokaundirbúningi málsins, undir forystu skrifstofustjóra í kirkjumálaráðuneytinu en nokkrir fulltrúar Þjóðkirkjunnar sátu þó enn í nefndinni. Sú nefnd gerði nokkrar breytingar á því frumvarpi, sem lagt hafði verið fyrir 118. löggjafarþing, en þó var haldið í flest það, sem helst hafði einkennt hið eldra frumvarp. Var frumvarpið, í nýrri mynd, lagt fyrir 121. löggjafarþing 1996-1997 og var það samþykkt þar, með nokkrum breytingum, sem lög um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar, hinn 26. maí 1997.

⁹ Í 2. gr. þjóðkirkjulaganna segir, að Þjóðkirkjan njóti sjálfstæðis gagnvart ríkisvaldinu innan lögmæltra marka, og jafnframt að Þjóðkirkjan, einstakar sóknir og stofnanir hennar njóti sjálfstæðrar eignhelgi og komi fram sem sjálfstæðir aðilar gagnvart almannavaldinu eftir því sem við geti átt. Í 5. gr. er einnig áréttuð, að Þjóðkirkjan ráði starfi sínu innan lögmæltra marka. Þar sem hér er notað orðalagið 'innan lögmæltra marka' er átt við, að enn felist tengsl ríkis og kirkju m.a. í því, að löggjafinn marki, þrátt fyrir allt, starfsramma Þjóðkirkjunnar og að í lögum geti sjálfstæði hennar gagnvart almannavaldinu verið einhver takmörk sett. Á það skal og minnt, að í 4. gr. þjóðkirkjulaganna segir að Kirkjumálaráðuneytið hafi með höndum tengsl við Þjóðkirkjuna af hálfu ríkisvaldsins að því er varðar fjárlagagerð og jafnframt yfirumsjón með því að ríkisvaldið veiti Þjóðkirkjunni þann stuðning, sem því ber að veita henni lögum samkvæmt, og með því að Þjóðkirkjan og stofnanir hennar fari að lögum. Mikilvægt er einnig ákvæðið í 3. gr. þjóðkirkjulaganna, þar sem segir að íslenska ríkið greiði Þjóðkirkjunni árlegt framlag, sem miðist við að það nægi til reksturs hennar ásamt öðrum tekjustofnum hennar, lögbundnum sem ólögbundnum, sbr. einnig ákvæðið í 62. gr. núgildandi stjórnarskrár, þar sem segir að ríkisvaldið skuli styðja og vernda Þjóðkirkjuna.

að þetta þýðir í reynd að afskipti Alþingis af kirkjumálum fara mjög minnkandi þó svo að löggjafinn sleppi alls ekki hendinni af þessum mikilvæga þjóðlífsþætti – enda ber þess að minnast, að enn sem fyrr er kirkjan að ýmsu leyti háð fjárveitingum frá Alþingi en hefur hins vegar mun meira sjálfstæði um notkun þess fjár á eigin vettvangi en fyrr. Svo viðamikil breyting kallaði aftur á *styrkari yfirstjórn* kirkjunnar sjálftrar og öflugra og skilvirkara stjórnkerfi kirkjulegra stofnana en áður var. Við endurmótun þess stjórnkerfis, eins og umgjörð þess birtist í þjóðkirkjulögum nýju, var leitast við að finna skipan, sem í senn byggði á fornum og traustum grundvelli – hertum í raun aldanna – en tæki jafnframt mið af stjórnunarháttum, er hæfðu þörfum nútímans. Tryggja varð *lýðræði* og *sveigjanleika* í stjórn kirkjunnar án þess að skert væru hefðhelguð verðmæti kirkjuskipanarinnar. Gæta varð raunsæis án þess að hugsjónum væri varpað fyrir róða. Hið nýja stjórnkerfi mátti m.a. ekki vera flóknara en svo, að það væri flestum auðskiljanlegt. Það varð einnig að vera skilvirkt. Kerfið varð m.a. að stuðla að því, eins og auðið yrði, að niðurstöður ákvarðana á mismunandi stjórnunarstigum kirkjustarfsins væru skýrar og tryggt væri að þeim yrði framfylgt. Umfram allt varð hið endurskoðaða stjórnkerfi að vera *traustvekjandi*, bæði 'inh á við' ef svo má að orði komast, þ.e. gagnvart starfsmönnum kirkjunnar og öðrum virkum þátttakendum í kirkjustarfi, sem regluverkið mun einkum mæða á, og jafnframt 'út á við,' þ.e. gagnvart öllum almenningi, sem nýtur þjónustu Þjóðkirkjunnar og lætur sig málefni hennar varða. Menn yrðu m.a. að geta treyst því, að þannig yrði um hnúta búið að kirkjan væri fullfær um að leysa sjálf úr ágreiningsefnum á eigin vettvangi og með þeim hætti, að virðing yrði borin fyrir þeim mönnum, sem þar um fjalla, jafnt sem yfirveguðum ákvörðunum þeirra.

Reynslan mun nú leiða í ljós, hvort þeim, sem stóðu að þeirri löggjöf er hér um ræðir, verður að ósk sinni. Í því sambandi skyldum við þá einnig minnast þess, er áður sagði, að lögin ein – þessi lög jafnt sem önnur – fá aldrei leyst allan vanda, þótt vönduð séu, því að um framkvæmd þeirra valda þeir, sem á halda.

5. Nokkrir efnisþættir Þjóðkirkjulaganna

Hver er svo *kjarninn* í ákvæðum þeirrar nýju rammalöggjafar, sem ég hef hér gert að umtalsefni? Ekki eru tók á því að fjalla um einstök atriði laganna í neinum smáatriðum, heldur skal einvörðungu getið um nokkur megineinkenni.

Í upphafi er þá rétt að minna á, að hin nýja stjórnskipan kirkjunnar sækir með vissum hætti fyrirmynd sína til stjórnkerfis *rikisins*, þannig að einnig hér er gert ráð fyrir *löggjafarvaldi* (þ.e. í innri málum kirkjunnar), *framkvæmdarvaldi* og jafnvel *dómsvaldi* eða *úrskurðarvaldi* og leitast er við að skýra þessi atriði með fullnægjandi hætti í löggjöfinni.

Mikilvægt er, að vald *kirkjuþings* var nú aukið verulega, og því fengið eins konar *löggjafarvald* í kirkjulegum málefnum og sjálfstætt ákvörðunarvald í ýmsum eignum. Ramminn um starfsemi kirkjuþingsins var styrktur mjög miðað við það sem fyrr var. *Leikmenn* eru nú í meirihluta á þinginu, kosnir með lýðræðislegum hætti, og úr hópi þeirra kemur einnig forseti þingsins.¹⁰ Hlutverk kirkjuþings er m.a. að setja kirkjunni *starfsreglur* á öllum helstu sviðum hennar, á grundvelli almennra heimilda í þá átt í þjóðkirkjulögunum, og m.a. með þeim hætti mótar þingið starfsemina í miklum mæli.¹¹

Framkvæmdarvald Þjóðkirkjunnar er að sjálfsögðu á hendi ýmissa kirkjulegra starfsdeilda og stofnana, en auk tiltekins ákvörðunarvalds safnaða í innri málum þeirra, kveður þar mest að starfi *kirkjuráðs*,¹² sem

ber gagnvart kirkjuþingi ábyrgð á framkvæmd þeirra laga og reglna, sem um þjóðkirkjuna gilda og hefur yfirumsjón með starfi lægra settra stjórnvalda kirkjunnar. Til kirkjuráðs má einnig skjóta ýmsum ákvörðunum lægra settra kirkjustjórnvalda,¹³ þannig að ráðið hefur þá úrskurðarhlutverki að gegna sem æðra sett stjórnvald – á svipaðan hátt og gerist hjá ríkisstjórnvöldum.

Að sjálfsögðu hefur *biskup Íslands* – og um leið vígslubiskupar þegar á reynir – enn sem fyrr miklu hlutverki að gegna í kirkjustjórninni, m.a. vegna áhrifa í kirkjuráði, en þar er biskup í forsæti svo sem fyrr segir.¹⁴ Jafnframt er nú settur rammi um sérstakan samráðsvettvang biskups Íslands og vígslubiskupanna. Biskupinn er sem fyrr höfuðtalsmaður Þjóðkirkjunnar og eins og gefur að skilja fer hann með vígsluvald eins og verið hefur og hann hefur jafnframt eftirlit með kristnihaldi, kenningu Þjóðkirkjunnar og starfi hennar í landinu. Hann er trúnaðarmaður og sálusorgari presta samkvæmt gamalli hefð og ásamt öðrum kirkjulegum framkvæmdarvaldshöfum er honum ætlað að fylgja eftir reglum, er kirkjuþing setur, og jafnframt samþykktum þingsins og markaðri stefnu þess.

Stjórnnum *sjóða* kirkjunnar hefur verið veitt meira sjálfstæði en áður var, enda þótt þær verði ábyrgar gagnvart æðri stjórnvöldum þjóðkirkjunnar.¹⁵

Þá hafa lögin að geyma allýtarleg ákvæði um *presta* Þjóðkirkjunnar ásamt mikilvægum hugtaksskilgreiningum. Áður voru reglur um val sóknarpresta lögbundnar en nú mæla þjóðkirkjulögin svo fyrir um, að ákvæði um val á prestum skuli vera í starfsreglum, sem kirkjuþing setur, og hefur þingið þar af leiðandi allvitt svigrúm í því efni.¹⁶ *Sókna-* og

framkvæmdarvald í málefnum Þjóðkirkjunnar, og í 26. gr. er áréttað að kirkjuráð fari með framkvæmd sameiginlegra málefna Þjóðkirkjunnar, þar á meðal verkefna, sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því, og erinda, sem vísað er til þess m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, samtaka leikmanna, Alþingis og ráðherra.

¹³ Sbr. 2. mgr. 26. gr. þjóðkirkjulaganna.

¹⁴ Áður var biskup jafnframt forseti kirkjuþings, en nú skal forseti þess vera leikmaður svo sem fyrr var greint frá.

¹⁵ Þetta leiðir m.a. af þeim fyrirælum í 4. mgr. 26. gr. þjóðkirkjulaganna, að um málsmeðferð meðal kirkjulegra stjórnvalda skuli fylgt ákvæðum stjórnisýslulaga nr. 37/1993, eftir því sem við geti átt. Í 20. gr. laganna er sérstaklega tekið fram, að kirkjuþing kjósi stjórn prestsetrasjóðs, en undir hann heyrir rekstur allra prestsetra á landinu.

¹⁶ Í 39.-40. gr. þjóðkirkjulaganna eru þó vissar lögbundnar reglur, er að þessu líta, og verða starfsreglurnar vitanlega að samræmast þeim.

¹⁰ Með þessu fyrirkomulagi er lögð áhersla á, að Þjóðkirkjan sé '*lýðkirkja*' fremur en '*prestakirkja*', ef svo má að orði komast. Á kirkjuþingi eiga sæti 21 fulltrúi kjörinn til fjögurra ára í senn. Eru níu þeirra prestar og tólf leikmenn úr hópi sóknarnefndafólks, sbr. 21. gr. þjóðkirkjulaganna þar sem einnig eru talin upp kjördæmi til kirkjuþings. Rétt til setu á kirkjuþingi, með málfrelsi og tillögurétti en án atkvæðisréttar, eiga biskup Íslands og vígslubiskupar, kirkjuráðsmenn, kirkjumálaráðherra eða fulltrúi hans og fulltrúi Guðfræðideildar Háskóla Íslands, svo sem jafnframt er kveðið á um í 21. gr. laganna.

¹¹ Í 20. gr. þjóðkirkjulaganna segir, að kirkjuþing hafi æðsta vald í málefnum Þjóðkirkjunnar innan lögmæltra marka, en málefni, er varða kenningu kirkjunnar og agavald, heyrja þó undir biskup Íslands. Þá er og tekið fram, að samþykktir um kenningarleg málefni, guðsþjónustuhald, helgisíði, skír, fermingu og altarissakramenti verði að sæta umfjöllun prestastefnu áður en þær hljóta endanlega afgreiðslu á kirkjuþingi.

¹² Samkvæmt 25. gr. þjóðkirkjulaganna sitja í kirkjuráði fimm menn, þ.e. biskup Íslands (sem er forseti þess), tveir guðfræðingar og tveir leikmenn, sem kirkjuþing kýs, og skulu varamenn kosnir með sama hætti. Í 24. gr. sömu laga segir, að kirkjuráð fari með

prestakallaskipan Þjóðkirkjunnar var einnig áður lögbundin, en nú er hún lögð á vald kirkjuþings, sem setur starfsreglur um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Leggur sú nýbreytni Þjóðkirkjunni á herðar ríka ábyrgð um að móta raunhæfa 'byggðastefnu' á þessu sviði.

Í þjóðkirkjulögum eru einnig mikilvæg ákvæði um *lausn ágreinings*, sem varðar *kenningu* Þjóðkirkjunnar og um málsmeðferð í því sambandi.¹⁷ Biskupi Íslands er m.a. ætlað að hafa yfirumsjón með *kirkjuaga*, svokölluðum, og beita sér – í reynd ásamt vígslubiskupum og próföstum – fyrir lausn ágreiningsefna, sem rísa kunna á kirkjulegum vettvangi¹⁸ – og hér er ekki átt við ágreining út af sjálfri kenningunni heldur 'mannlegan' ágreining ef svo má að orði komast. Hrökkvi sú viðleitni ekki til, þegar uppi er ágreiningur meðal kirkjunnar manna eða þegar starfsmenn kirkjunnar, háir sem lágir, eru bornir sökum um siðferðis- eða agabrot, sem kalla á frekari málsmeðferð, mæla lögin nú fyrir um að sérstakt og sjálfstætt stjórnvald innan kirkjunnar, *úrskurðarnefnd*, sem biskup Íslands skipar til fjögurra ára í senn, fari með þau mál án íhlutunar annarra stjórnvalda, og kveði upp grundaða úrskurði. Er jafnframt kveðið á um það, til hvaða úrræða nefndin geti gripið ef hún telur ástæðu til, t.d. allt frá áminningu til brottvikningar starfsmanns, auk þess sem mæla má fyrir um að starfsmaður skuli fluttur til í starfi.¹⁹ Úrskurðum þessarar nefndar má síðan skjóta til sérstakrar *áfrýjunarnefndar*, sem skipuð er með sérlega tryggilegum hætti,²⁰ en sú nefnd hefur endanlegt úrskurðarvald um þau mál, sem undir hana

¹⁷ Biskup Íslands hefur tilsjón með *kenningu* kirkjunnar, sbr. 10. gr. þjóðkirkjulaganna, og sér til halds og trausts í þeim efnum hefur hann sérstaka ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni, sbr. 14. gr. Hann hefur úrskurðarvald í ágreiningsmálum á þessu sviði svo sem ráða má af 20. gr.

¹⁸ Sbr. 11. gr. laganna. Þar segir og, að vegna agabrota geti biskup gripið til þeirra úrræða, sem lög og kirkjuhefð leyfa.

¹⁹ Athyglisvert er, að kirkjuráð hefur einnig sett á fót sérstakt *fagræð á sviði kynferðisbrotamála*, er verða á starfsvettvangi Þjóðkirkjunnar. Er hlutverk þessa fagræðs m.a. að fjalla um einstök mál, sem vísað er til þess af úrskurðarnefnd eða áfrýjunarnefnd og veita ráðgjöf um meðferð þeirra. Kirkjuþing hefur sett sérstakar starfsreglur um meðferð kynferðisbrota innan Íslensku þjóðkirkjunnar.

²⁰ Áfrýjunarnefnd er skipuð þremur löglerðum mönnum, sem fullnægja skulu almennum skilyrðum til þess að vera skipaðir hæstaréttardómarar. Kirkjumálaráðherra skipar nefndarmenn samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar, og skulu varamenn skipaðir með sama hætti. Við meðferð einstakra mála skal nefndin skipuð tveimur sérfróðum mönnum til viðbótar, sem nefndin kveður sjálf til starfans, sjá nánar í 13. gr. þjóðkirkjulaganna.

eru lögð.²¹ Með þessum hætti er úrskurðarvald um ágreiningsefnin flutt frá biskupi Íslands, sem oft mun hins vegar koma að málunum á fyrri stigum sem sáttasemjari eða jafnvel sálusorgari – en dómarahtlutverk myndi illa samræmast þeim hefðbundnu og sjálfsögðu starfsþáttum biskups.²²

Þá er það mikið nýmæli í lögum, að mælt er fyrir um, að *kirkjujarðir* og aðrar *kirkjueignir* sem þeim fylgja, að frátöldum *prestsetrum*

²¹ Fyrrum störfuðu sérstakir *dómstólar*, sem ætlað var að fara með refsímál gegn kennimönnum, og voru þeir í reynd eins konar leifar frá þeim tímum, á miðöldum, er kirkjan var 'ríki í ríkinu' með eigin dómvaldi á tilteknum sviðum. Á síðari tímum var lengi við lýði *prófastsdómur*, svokallaður, sbr. tilsk. 27. nóvember 1816, en *kirkjudómur* kom í hans stað með lögtöku laga 27/1951 um meðferð opinberra mála. Kirkjudómur var að nafni til í lögum þar til hann var aflagður með tilkomu laga 19/1991 um meðferð opinberra mála. Samkvæmt 7. gr. laga um sama efni nr. 74/1974, eins og hún hljóðaði eftir breytingu með lögum 92/1989, skyldi hlutverk kirkjudóms vera það að fara með refsímál vegna afbrota biskups og presta Þjóðkirkjunnar út af hneykslanlegu framferði þeirra í embættisathöfnum eða einkalífi, enda væri ekki um almenn refsiverð brot að tefla. Forseti kirkjudóms skyldi vera dómstjóri hlutaðeigandi héraðsdóms eða héraðsdómari þar sem dómstjóri væri eigi, en til meðdómenda átti hann að kveðja tvo þjónandi þjóðkirkjupresta. Dómum kirkjudóms mátti skjóta til *synóðalréttar*, sem var æðsti dómstóll í málum, sem að lögum lágu undir kirkjudóm í héraði. Samkvæmt 3. gr. laga 75/1973 um Hæstarétt Íslands, sem var hið síðasta lagaákvæði sem gildi um þennan sérdómstól, skyldu fimm dómamar skipa hann, þ.e. forseti Hæstaréttar sem formaður, tveir hæstaréttardómarar, hinir elstu að embættisaldri, og tveir guðfræðingar, er Hæstiréttur skyldi kveðja til. (Samkvæmt eldri lagafyrirmælum átti biskup einnig sæti í synóðalrétti). Með síðari lagabreytingu var synóðalréttur lagður niður. Skemmst er frá því að segja, að þessir sérdómstólar í málefnum kirkjunnar þjóna höfðu í reynd verið *óvirkir* um langa hríð áður en þeir voru formlega aflagðir. Hlutverki þeirra verður heldur ekki, nema að litlu leyti, jafnað til verkefna úrskurðarnefndar og áfrýjunarnefndar, sem nú starfa samkvæmt þjóðkirkjulögum, enda skulu þær fjalla um 'ágreining á kirkjulegum vettvangi' engu síður en þau mál er varða siðferðis- og agabrot starfsmanna Þjóðkirkjunnar (kirkjudómur skyldi einvörðungu fjalla um mál biskups og presta en ekki annarra starfsmanna Þjóðkirkjunnar). Að sjálfsögðu eru úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd *stjórnsýslunefndir* en ekki dómstólar – og dómstólaleiðin stendur málsaðilum vitanlega opin eftir sem áður, innan sinna marka.

²² Hinn síðasti formlegi úrskurður biskups Íslands í meiri háttar ágreiningsmáli á kirkjulegum vettvangi, samkvæmt eldri reglum og kirkjuhefð, er frá 22. mars 1996, í svokallaðri 'Langholtskirkjudeilu,' miklu og mjög umtöluðu hitamáli, sem upphaflega reis vegna ósættis sóknarprests og organista í Langholtssöfnuði í Reykjavík. Biskup Íslands vék sæti við meðferð málsins en annar vígslubiskupanna kvað upp úrskurðinn í hans stað. Við meðferð þess máls komu berlega fram ýmsir veigamiklir ágallar á því fyrirkomulagi að biskup færi með úrskurðarvald í deilu- og ágreiningsmálum af þessu tagi – án þess að hér skuli nánar rakið. Úrskurðurinn er í heild sinni birtur í Morgunblaðinu 23. mars 1996, á bls. 28-29.

og því sem þeim fylgir, séu eign íslenska ríkisins.²³ Áður hafði verið staðfest í reynd að kirkjan nyti sjálfstæðrar eignhelgi gagnvart ríkisvaldinu varðandi jarðeignir sínar²⁴ – og þá reyndar jarðeignir einstakra kirkna²⁵ – en nú er ríkið, ‘með einu pennastriki’ (ef svo má að orði kveða) gert að eiganda verulegs hluta þessara jarðeigna, sem eru mörg hundruð talsins.²⁶ Þetta nýmæli var hins vegar réttlætt með því, að í staðinn tók ríkisvaldið – samkvæmt áður gerðu samkomulagi við yfirstjórn Þjóðkirkjunnar²⁷ – á sig skuldbindingu um að tryggja kirkjunni rekstrarfé í verulegum mæli, til nánar ákveðinna þarfa, sem einnig er mælt fyrir um í þjóðkirkjulögunum nýju.²⁸ Hefur nú reyndar verið

²³ Sjá ákvæði þar um í 62. gr. þjóðkirkjulaganna.

²⁴ Ekki skiptir máli varðandi það eignarhald, þ.e. grundvallareignarréttinn að jörðunum, þótt Þjóðkirkjan hafi ekki um margra áratuga skeið haft með höndum umsjón eða rekstur ‘almennta’ kirkjujarða, þ.e. annarra kirkjujarða en prestsetursjarða, né heldur hirt að af þeim.

²⁵ Niðurstæða þessi, um ‘kirkjueignir’ og réttarstöðu þeirra, kom skýrt fram í fræðilegu álitni nefndar, sem skipuð var 23. desember 1982, en höfundur þessarar greinar var formaður þeirrar nefndar. Sjá ritið ‘Álitsgerð Kirkjueignanefndar – fyrri hluti’ (Reykjavík 1984, útg. af Dóms- og kirkjumálaráðuneyti). Samningurinn milli ríkis og kirkju um kirkjueignir, aðrar en prestsetrin, sem brátt verður getið nánar um, byggist að öllu leyti á hinni fræðilegu niðurstöðu umræddrar Kirkjueignanefndar, þ.e. varðandi eignarréttinn áður en hann var færður yfir til ríkisins með samkomulaginu, sem endanlega var staðfest í lagaformi með lögtöku þjóðkirkjulaganna. Þá skal einnig nefnt, til frekari áréttingar, að í ríkisstjórnarfrumvarpi til laga um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar, sem kirkjumálaráðherra lagði fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi 1994-1995 – þ.e. áður en nefnt samkomulag milli ríkis og kirkju um kirkjujarðirnar kom til sögunnar (eða var komið til umræðu) – var sérstakt ákvæði um jarðeignir kirkna (í 65. gr.) þar sem fyrrnefndri niðurstöðu Kirkjueignanefndarinnar var fylgt nákvæmlega. Þar sagði: ‘Jarðeignir, sem kirkjur hafa átt og eigi hafa verið seldar frá þeim með lögmætri heimild eða gengið undan þeim með öðrum sambærilegum hætti, teljast til eigna þeirra kirkna. Sama gildir um kirknaftök, eftir því sem við getur átt.’ Frumvarp þetta hlaut hins vegar ekki afgreiðslu á Alþingi af ástæðu, sem fyrr var greint frá.

²⁶ Sjá nánar ýtarlegar skrár um jarðeignir kirkna í ritinu ‘Kirkjueignir á Íslandi 1597-1984’, sem birtist fjölrituð, á vegum Dóms- og kirkjumálaráðuneytis, árið 1992. Skrár þessar, með miklum skýringum, samdi Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður eftir beiðni fyrrnefndrar Kirkjueignanefndar og er rétt að líta á ritið sem síðari hluta nefndarálitsins.

²⁷ Samkomulag þetta, sem dagsett er 10. janúar 1997 og felur í sér merkan áfanga í kirkjuréttarsögu okkar, er birt í heild sinni sem fylgiskjal með áðurnefndu frumvarpi til laga um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar, sem lagt var fram á 121. löggjafarþingi 1996-1997, sem 301. mál, á þingskjali nr. 557.

²⁸ Samkvæmt 60. gr. laganna skal ríkið standa skil á launum biskups Íslands, vígslubiskupa, 138 starfandi presta og prófasta Þjóðkirkjunnar og 18 starfsmanna biskupsstofu, en jafnframt er þar kveðið á um aukna greiðslubyrði, eftir nánari reglu, ef skráðum meðlimum Þjóðkirkjunnar fjölgar frá því sem var í árslok 1996.

gerður sérstakur og nánari sáttmáli milli ríkis og kirkju í framhaldi af hinum fyrri, þ.e. um ‘rekstrarkostnað vegna prestsembætta og prófasta, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til kristnisjóðs og sérframlög til Þjóðkirkjunnar’.²⁹ Eru þær sáttargerðir milli ríkisvalds og kirkjustjórnar, sem hér voru nefndar, vissulega mjög athyglisverðar og að mörgu leyti einstæðar – sannkallaðir tímamótasamningar.³⁰

6. Lokaorð

Það er og verður sannarlega forvitnilegt að fylgjast með því, hvernig til tekst um framkvæmd þessara nýju laga og reglna – en á þessari stundu sé ég ekki ástæðu til annars en bjartsýni um það að vel muni fara. Vitanlega er þegar tekið að starfa af fullum þrótti eftir nýju reglunum og kirkjuþing 1998 setti m.a. fjölda starfsreglna, sumra ítarlegra, sem kirkjunnar mönnum er ætlað að vinna eftir, og enn var bætt um betur á kirkjuþingi 1999 og svo á síðari kirkjuþingum.³¹ Þó hafa

²⁹ Samningurinn er frá 4. september 1998.

³⁰ Bent skal á, að um alllanga hrið hafa staðið yfir viðræður milli fulltrúa ríkisins og samninganefndar Þjóðkirkjunnar um heppilegt framtíðarþyrirkomulag varðandi réttarstöðu prestsetra. Á kirkjuþingi, er haldið var í októbermánuði 1999, var viðræðunefnd kirkjunnar endurnýjuð og nefndarmönnum fjölgað. Starfar hún þá undir formennsku forseta kirkjuþings um nokkurra ára skeið, undir heitinu *prestsetranefnd*, en var síðan lögd af með ályktun Kirkjuþings, þótt heita megi að enn sé haldið áfram einhverjum viðræðum um þessi efni milli ríkis og kirkju, án þess að leitt hafi til árangurs, sem nálgist það að fela í sér samkomulag.

³¹ Kirkjuþing hefur nú [þ.e. 2004] sett starfsreglur um eftirtalin málefni: 1) kirkjuþing (1998); 2) úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd Þjóðkirkjunnar (1998); 3) skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma (1998); 4) sóknamefndir (1998); 5) héraðsfundi og héraðsnefndir (1998); 6) prófasta (1998); 7) presta (1998); 8) Íslensku þjóðkirkjuna erlendis (1998); 9) djákna (1998); 10) meðferð kynferðisbrota innan Íslensku þjóðkirkjunnar (1998); 11) rekstrarkostnað prestsembætta og vegna prófastsstarfa (1999); 12) leikmannastefnu (1999); 13) organista (1999); 14) sérþjónustupresta, sem ráðnir eru á vegum stofnana og félagasamtaka (2000); 15) kirkjuráð (2000); 16) kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa (2000); 17) biskupafund (2000); 18) vígslubiskupa (2000); 19) ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni (2000); 20) kirkjur og safnaðarheimili (2000); 21) fræðslu fyrir leikmenn innan kirkjunnar (2000); 22) sérhæfða þjónustu kirkjunnar við fjölskylduna (2000); 23) prestssetrasjóð (2000); 24) kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar (2002); 25) hjálfun prestsefna (2002) og 26) starfsþjálfun djáknaefna. Á kirkjuþingum síðustu ára hafa einnig verið gerðar breytingar á mörgum þeim starfsreglum, sem áður hafa verið settar.

enn ekki verið settar þess háttar reglur um sum þau atriði, sem lögin mæla fyrir um að gert skuli eða nauðsyn ber til að öðru leyti, og vitað er, að sumar þær reglur, sem þegar hafa verið settar, þarfnast endurskoðunar á næstu misserum, m.a. í ljósi reynslunnar af þeim. Það er að sjálfsögðu fullkomlega eðlilegt, þegar þess er gætt að hér er að mörgu leyti um alger nýmæli að ræða þótt annað byggi á eldra grunni.

Aukið sjálfstæði Íslensku Þjóðkirkjunnar í kjölfar hinna nýju laga er vissulega staðreynd, en ennþá er þó ekki komin reynsla á það, er e.t.v. varðar mestu um þessa endurskoðun kirkjulaganna, sem er hvort nýju reglurnar og nýja skipulagið muni í reynd leiða til *stórbætts kirkjustarfs* eins og að var stefnt. Enn eigum við eftir að sjá hvort hin nýja skipan og breytta ábyrgð muni í reynd auka samstöðu kirkjunnar manna og efla þá í starfi eins og vonir hafa sannarlega staðið til. Það mun tíminn einn leiða í ljós – og ógerningur er reyndar að dæma um árangurinn fyrir en eftir nokkurn tíma. Eins og fyrir verið getið um hefur sumum mikilvægum þáttum í starfi Þjóðkirkjunnar verið fengin ný eða breytt umgjörð, ytri búningur, sem á að geta skapað nýja farvegi til bætts starfs, en framkvæmdin er síðan undir einstaklingum komin – á þessu sviði sem annars staðar.

Af því, sem hér hefur verið rakið, hygg ég að segja megi með sanni að nokkur *straumhvörf* hafi orðið í íslenskum kirkjurétti, þ.e. á réttarsviðinu sjálfu, þó að sjálfsögðu sé ekki um neina byltingu að ræða. En þessi veigamikla breyting á réttarumhverfi Þjóðkirkjunnar hlýtur þá einnig að kalla á og vera beint og brýnt tilefni til nýrra *rannsóknna* á hinni fræðilegu hlið íslensks kirkjuréttar. Þar hljóta að blasa við margvísleg verkefni, sem bíða úrlausnar á næstu árum. Bagalegt er, að þeim fræðum hefur verið of lítið sinnt hér á landi um langt skeið³² – þótt

³² Síðasta fræðirit um íslenskan kirkjurétt, sem kom út á okkar tungu og hefur að geyma heilsteypta umfjöllun um þetta réttarsvið, er bókin 'Íslenskur kirkjuréttur' eftir *Einar Arnórsson* (Reykjavík 1912). Áður hafði um langt skeið verið notast við rit með sama heiti eftir *Jón Pétursson*, sem út var gefið í Reykjavík 1863 og aftur, í breyttri mynd, 1890, en höfundurinn annaðist m.a. kennslu í kirkjurétti við Prestaskólann um margra áratuga skeið, allt frá því að kennsla í þeirri grein var tekin upp. *Bjarni Sigurðsson*, próffessor í Guðfræðideild (sem jafnframt var lögfræðingur að menntun) ritaði að vísu löngu síðar bók um íslenskan kirkjurétt, sem út kom á þýsku, 'Geschichte und Gegenwartsgestalt des isländischen Kirchenrechts' (Frankfurt am Main 1986). Þar að auki má benda á nokkrar styttri greinar, sem birst hafa á prenti um afmarkaða þætti kirkjuréttar, auk nokkurra fjölríta til kennsluþarfa. Um sögu íslensks kirkjuréttar og þróun

nokkurri kennslu í greininni hafi reyndar verið haldið uppi við Guðfræðideild Háskólans (áður í Prestaskólanum) um hálftrar annarrar aldar skeið.³³ Hér þyrfti að verða breyting á og mætti það vera verðugt verkefni Guðfræði- og Lagadeilda Háskóla Íslands og jafnframt Íslensku Þjóðkirkjunnar að stuðla eftir föngum að eflingu rannsókna og ritstarfa í íslenskum kirkjurétti, sem og í trúarbragðarétti almennt – á grundvelli þarfa nútímasamfélags og nýrra og breyttra viðhorfa og reglna um mannréttindi,³⁴ svo sem trúfrelsis, og laga um trúfélög, en trúfélögum fjölgar nú stöðugt hér á landi í skjóli trúfrelsisins.

hans fyrir á öldum má finna nokkur rit og ritgerðir, einkum frá 19. öld, þ.m.t. kafla í hinu mikla riti *Konrads Maurers*, 'Über Altnordische Kirchenverfassung und Ehe-recht', í ritsafni hans 'Vorelesungen über Altnordische Rechtsgeschichte' II, Leipzig 1908, en margt, er lýtur að kirkjurétti og þróun hans, kemur einnig fram í almennum ritum um kirkjusögu og sögu Íslands. Sjá m.a. safnritið 'Kristni á Íslandi' I-IV (ritstjóri *Hjalti Hugason*), Reykjavík 2000.

³³ Hér er því um að ræða elstu samfelldu lagakennslu á Íslandi. Lagaskólinn var ekki stofnaður fyrir en 1908 svo sem kunnugt er, en Lagadeild Háskólans tók við hlutverki hans við stofnun Háskólans 1911. Kennsla í kirkjurétti hefur hins vegar aldrei farið fram hér á landi í tengslum við formlegt lögfræðinám, enda þótt nú hafi kennsla í kjör-greininni 'kirkju- og trúarbragðarétti' verið tekin upp á námskrá Lagadeildar, undir umsjá greinarhöfundar, þótt ekki hafi enn orðið af kennslu í greininni. Greinarhöfundur sinni um hríð kennslu í kirkjurétti á námskeiðum í Guðfræðideild, en kennsla í greininni hefur nú verið felld brott úr kennsluskrá deildarinnar (frá ársbyrjun 2005) og mun verða komið fyrir í námskeiði um starfsþjálfun prestsefna á vegum biskupssemb-ættisins.

³⁴ Um trúarbragðaréttindi í ljósi mannréttindasáttmála Evrópu (sem íslenska ríkið er bundið af) sjá m.a. *Peter W. Edge*, 'The European Court of Human Rights and Religious Rights', í *International and Comparative Law Quarterly*, Vol. 47, júlí 1998, bls. 680-687. Sjá einnig greinina 'Trúarbrögð og mannréttindi – Trúfrelsi og jafnræði trúfélaga á Íslandi' í riti mínu *Lagaskuggsjá – Greinar um lög og sögu* (Reykjavík 2004), bls. 127-145.